

L Ö G

um breyting á lögum nr. 49/1967, um skólakostnað.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Við síðustu málsgr. 6. gr. laganna bætist:

Nú næst ekki samkomulag um kaup á nauðsynlegu landi undir skólamannvirki, og er þá heimilt að taka það eignarnámi. Fer um slíkt eignarnám eftir lögum um framkvæmd eignarnáms.

2. gr.

Upphaf 14. gr. laga nr. 49/1967, um skólakostnað, orðist þannig:

Fjárveitingar ríkisins til skólamannvirkja, aðrar en til undirbúnings framkvæmdum, skiptast á tvö til fjögur ár vegna hvernar framkvæmdar. Heildarframlag ríkissjóðs til hvernar framkvæmdar skal vera til reiðu innan fjögurra ára frá því að fyrsta fjárveiting er veitt, önnur en fjárveiting til undirbúnings, sbr. þó 8. gr., og greiðist með sex greiðslum, eftir því sem verkinu þókar áfram, þannig:

3. gr.

Ákvæði til bráðabirgða:

Fjárveitingum til þeirra skólamannvirkja, sem samkvæmt gildandi lögum áttu að fá lokaframlag í fjárlögum 1973, má skipta á árin 1973 og 1974.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum, 21. apríl 1973.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Magnús T. Ólafsson.

B Ú F J Á R R Æ K T A R L Ö G

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

I. KAFLI

Um stjórn búfjárræktarmála, félagskerfi og ráðunautapjónustu.

1. gr.

Landbúnaðarráðuneytið (landbúnaðarráðherra) hefur á hendi æðstu stjórn búfjárræktarmála.